



Likamshlutar
Body Parts

John Coplans

27. janúar - 17. apríl 2006



Þegar sjálfsmyndir John Coplans sáust fyrst á sýningum um miðjan níunda áratuginn hafði þeirra verið beðið með eftirvæntingu. Coplans var þekktur sem einn helsti listgagnrýnandi og sýningastjóri Bandaríkjanna en ekki sem listamaður. Hann var meðal stofnenda tímaritsins Artforum og fyrsti ritstjóri þess. Coplans hafði veitt ýmsum sófnum forstöðu og kynnt þar nokkra helstu listamenn sjöunda og áttunda áratugarins. En um list hans sjálfs var aðeins vitað af sögusögnum. Þegar hann loksins sýndi verk sín opinberlega sextíu og fimm ára gamall, þá vakti sterk nærvera þeirra og óvenjulegur stilli hans strax athygli. Sumir hneyksluðust þó á viðfangsefninu, ásýnd Coplans sjálfs. Ljósmyndirnar, sem sýna hrukkað og slapt hold hans á efri árum af beinskeyttum heidarleika, voru vissulega ólíkar vinsælum ljósmyndum af ungu og fögru fólki. Coplans sagði sjálfur í viðtali að hann hefði áhuga á því misræmi sem væri á milli hugmynda hans af sjálfum sér og þeim fullorðna manni sem hann sá í speglinum – misræmi sem flestir sem hafa náð miðjum aldri þekkja af eigin raun. Misræmið sem er á milli þeirra líkama sem við sjáum í verkum Coplans og klassískra líkama listasögunnar er ekki síður sláandi. Þessi munur setur tóninn fyrir þeirri sterku, mannlegu nærveru sem áhorfandinn upplifir í ljósmyndum Coplans.

Þó verk Coplans hafi verið sýnd á mörgum helstu listasöfnum vesturlanda, þar á meðal Museum of Modern Art í New York og Centre Georges Pompidou í París, þá hafa þau ekki sést fyrr á íslenskum söfnum. Það er því ánægjulegt að hafa tækifæri til að sýna ljósmyndir þessa merka listmanns hér á Listasafni Reykjavíkur og kynna þau fyrir íslensku listunnendum.

Hafþór Yngvason
Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

When John Coplans' first series of self-portraits appeared in exhibitions in the mid-1980s, they were eagerly anticipated. Coplans had been known as one of the great critics and curators of contemporary art in the United States, but not as an artist. He was the founding editor of the influential New York art magazines, Artforum and he had run museums where he curated groundbreaking exhibitions of post-minimalism and pop art. But his own artistic pursuits were known only through rumors. When he finally showed his photographs in public at the age of 65, their powerful presence and their inventive style were immediately acknowledged. To some the appearance of his subject – himself – was shocking. His photographs, showing his aging body with its wrinkling and sagging flesh, were brutally honest and the subject was, indeed, a far cry from the beautiful subjects of most popular photographers. Coplans said in an interview that he was interested in the discrepancy between the way he thought of himself and the aging person he saw in the mirror – a discrepancy known by anyone who has reached middle age. No less striking is the difference between Coplans' representations and the classical bodies of art history. These differences set the tone for the photographs' strong, if all too human, presence.

Although they have been shown in many of the most important museums of the western world, from the Museum of Modern art in New York to the Centre Georges Pompidou in Paris, Coplans' photographs have not been exhibited in Iceland until now. It is a pleasure to be able to introduce them to Icelandic audience.

Hafthor Yngvason
Director of Reykjavik Art Museum

Sjálfsveran og sjálfmyndin

Listmálarinn gefur sjálfan sig með líkama sínum, segir Paul Valéry¹, og sama má vissulega segja um ljósmyndarann John Coplans (1920-2003), sem hóf feril sinn sem ljósmyndari þegar hann var um sextugt, og ljósmyndaði nær eingöngu eigin líkama í rúma tvo áratugi. Hann gerði myndir sem sýna líkamann í þörtum sem brotkennt landslag, myndir sem eru eins og leifar líkamans eða spor hans, myndir sem sýna líkamann sem framandlegan hlut er opnar sig gagnvart heiminum og tekur sér þar bólfestu, líkamann sem reynslu er á sér stað í heiminum og myndinni í senn, líkamann sem gerir og hlutgerir sjálfan sig bæði sem sjálfsveru og hlutveru, þann líkama sem sýnir sig um leið og hann sér sjálfan sig, snertir yfirborð myndarinnar um leið og hann snertir sjálfan sig, líkama sem skapar sjálfan sig, mynd sína og rými sitt með veru sinni, ber sína

sjálfsköpuðu byrði, skilur eftir sig slóð líkamsleifa, lifir og vex, hrörnar og deyr. Myndir sem vekja áleitnar spurningar um margræða merkingu líkamans og myndarinnar af honum, um hið holdlega samband sjálfsverunnar og hlutverunnar, líkamans sem sjálfsveru og líkamans sem sjálfmynd.

Roland Barthes segir í ritgerð sinni um ljósmyndina að hún boði komu sjálfsins eins og það væri einhver annar og að hún skilji vitundina frá sjálfsímyndinni með lævíslegum hætti.² Þannig hlutgerum við líkamann í gegnum ljósmyndina og getum horft á hann úr þeirri fjarlægð sem stundleg reynslan af verunni í líkamanum býður ekki upp á. „Þegar ég stilli mér upp fyrir þessar myndir hverf ég inn í fortíðina...ég tapa mér í draumaheimi, ég er einhvers staðar annars staðar, verð önnur persóna í öðru lífi...“³ segir Coplans um verk sín og undirstrikar þannig að myndirnar sýna ekki sjálfsveru líkamans nema í forni fjarveru



hennar. Það að sýna líkamann felur alltaf í sér brotthvarf frá honum, afmyndun líkamans í tvennum skilningi þess orðs, brotthvarf sem einungis er mögulegt á forsendu afturhvarfsins til þess holdlega líkama sem hugsun okkar og vitund nærast á. Við skynjum að vitundin hefur kviknað í þessum líkama og þessu holdi en vitum jafnframt að hún er annars staðar en í þessari mynd. Kannski mætti líka orða það þannig að ljósmyndin afhjúpi einmitt með þessari þversögn ódeilanleik líkamans sem tákni og tákni mið í senn, merking sem er eins og opið sár í holdinu sem merkir ekki annað en sjálft sig og þann sársauka vitundarinnar sem kann ekki að hugsa líkamann ódrúvisi en sem dauðan hlut, það er að segja sem mynd eða lík, þó hún nærast á honum og í honum sem lifandi holdleg vera, sem hinn stundlegi logi sjálfsverunnar er brennur í holdi okkar og nærast á því allt þar til eldsneytið þrýtur.

Líkami okkar verður til í móðurkviði, hann fæðist inn í heim annarra, en þróunarsaga vitundarinnar í líkama okkar mótask jafnframt af opnun líkamans gagnvart umheiminum og útvíkkun hans til þess rýmis sem hann fyllir smám saman og gefur merkingu með veru sinni og með útvíkkun til allra þeirra líkama sem hann mætir og fylla þennan heim. Vitundin og líkaminn vaxa og breiða úr sér og fylla þann heim sem við gefum merkingu með veru okkar. Vitundin og rými hennar sækja upphaf sitt og endalok til líkamans, hvernig hann opnar sig gagnvart umheiminum og hvernig hann að lokum lokast, hrörnar og deyr.

Ljósmyndir Coplans fylgja sögu líkama hans í tvo áratugi frá sextugu og nánast fram í andlátíð. Þær sýna líkamann sem byrði er mælist ekki í aukaklógroðrum heldur í þeirri altæku byrði holdsins sem markast af því að það merkir ekki annað en sjálft sig, gleði sína, nautn sína og þjáningu og óhjákvæmilega torfímingu. Allar byrðar heimsins birtast okkur endanlega í líkama okkar sem er merktur

rúnum reynslunnar og leyndardómi dauðans. Rétt eins og við sækjum skapandi orku okkar til líkamans þá getum við ekki umflúið merkingarlausan dauða hans. Allur sá skapandi máttur sem líkaminn færir okkur verður ekki skilinn nema í ljósi hrörnunar hans og dauða. Efnismassi líkamans, hold hans og bein, vessar hans og úrgangur, eldurinn í augum hans, loftið í vitum hans, jörðin í holdi hans og vatnið í blóði hans og kynfærum markað í senn ómælanlega þyngd líkamans og ómælanlega getu hans til að hefja sig til flugs og fylla heiminn með veru sinni. Ástin og sársaukinn sýna okkur að það er ekki hægt að negla líkamann niður sem afmarkaða heild, segir Jean-Luc Nancy og heldur áfram: Við getum ekki höndlað líkamann (sem afmarkaðan hlut) frekar en við getum höndlað frelsið (sem skilgreint ástand) því líkaminn sjálfur er upplifun og frelsið sjálft er upplifun, reynsla sem á sér stað. Bygging líkamans og bygging frelsisins eru af sama toga, en merking þessarar byggingar vísar hvorki til líkamans né frelsisins sem sliks. Við getum ekki talað um „frjálsan líkama“ eða „holdtekju frelsisins“. En á milli þeirra tveggja opnast hins vegar heimur sem á möguleika sína fólgni í því að „líkami“ og „frelsi“ eru hvorki fullkomlega eins né fullkomlega ólíkrar gerðar.⁴

Líkaminn kemst ekki undan þeirri þversögn að hugsa sjálfan sig í gegnum hold sitt og vessa, í gegnum þyngd sína og byrði, en hann hugsar sig ekki sem mynd, heldur sem möguleiki og reynslu sem á sér stað í rýminu og heiminum, hér og nú. Það er sú reynsla sem þurrkar jafnóðum út allar myndir líkamans sem standa eftir eins og steingervingar í jarðskorpunni, leifar í jarðlögum reynslunnar. Þannig sé ég myndir John Coplans af líkamanum.

Ólafur Gíslason

¹ Sbr. tilvitnun í Maurice Merleau-Ponty: *L'Œil et l'Esprit*, 1964

² sbr. Roland Barthes: *Camera Lucida, Reflections on Photography*, þýðing Forrar, Straus og Giroux, Canada 1981

³ Sbr tilvitnun á heimasíðu: <http://www.the-artists.org/ArtistView.cfm?id>

⁴ Sbr. Jean-Luc Nancy: *Corpus*, ítölsk útg. í ritstjórn Antonelli Moscati, Napoli 2001, bls. 83-84.



The Subject and its Self-Portrait

The painter gives himself with his body, says Paul Valéry¹, and this is certainly true of the photographer John Coplans (1920-2003). He began his career as a photographer around the age of 60, and photographed his own body almost exclusively for nearly two decades. He made pictures that show the body in sections as a fragmented landscape, pictures that are like the remains of the body or footprints it has left behind, pictures that depict the body as an alien object that opens itself up to the world and inhabits it, the body as experience that exists simultaneously in the world and in the photograph, the body that creates and objectifies itself both as subject and object, the body that exposes itself as it sees itself, touches the surface of the picture as it touches itself, the body that creates itself, its image and the space it inhabits by its being, that carries its self-induced burden, leaves its waste in its wake, lives and grows,

deteriorates and dies. Photographs that raise urgent questions about the ambiguous meaning of the body and its images, questions dealing with the corporeal relationship between subject and object, the body as subject and the body as a self-portrait.

In his essay on the photograph, Roland Barthes said that it proclaims "the advent of myself as other: a cunning dissociation of consciousness from identity".² Thus we objectify the body through the photograph and make it possible to look at it from a distance that the immediate experience of being in the body does not allow. "When I pose for these photographs I become immersed in the past... and before I know what has happened I am lost in a reverie; I am somewhere else, another person in another life," says Coplans about his work³, and thus emphasises that the photographs show the body's subject only through its absence. Exposing the body always implies a departure from it, its



depiction through an absence that is only possible on the basis of a return to that carnal body that nourishes our mind and consciousness. We sense that our consciousness arises from this body and this flesh but we also know that it does not dwell in this picture, but elsewhere. It could also be said that the photograph discloses through this paradox the un-divisibility of the body as being simultaneously the signifier and the signified – a signification that is like an open wound in the flesh that has no meaning other than itself and the pain caused by this consciousness that can only think the body as a dead object, as an image or a corpse, even though it feeds on it and in it as a living, incarnate being, as the brief flame of the subject that burns in our flesh and feeds on it until the fuel is spent.

Our body is created in the uterus, it is born into a world possessed by others, but the development of self-consciousness in the body coincides with its opening to the outside world and its expansion towards all the other bodies that fill this world. Both self-consciousness and the body grow and expand and fill the world we know with meaning through our being. Consciousness and the space it possesses both begin and end with our body, the body's opening to the world and how in the end it folds up, deteriorates and dies.

Coplans' photographs trace the story of his body over the space of two decades, from the age of 60 almost until his death. They reveal the body as a burden that is not measured in its overweight but in the universal burden of the flesh characterised by the fact that it has no deeper meaning other than itself, its joy, its pleasure and suffering, and its inevitable destruction. All the burdens of this world are in the end revealed to us through our body, which is marked by the runes of experience and the mystery of death. Just as we take our creative energy from our body, we cannot escape its meaningless expiration. All the creative might that our body gives us cannot be understood except in the context of its inevitable decline and death. The body's physical mass, its

flesh and bones, fluids and excrement, the fire in its eyes, the air in its nasal passages, the earth in its flesh and the water in its blood and genitals, mark both the immeasurable weight of the body and its immeasurable ability to take flight and fill the world with its being. Love and pain reveal to us that it is not possible to nail the body down as a distinct entity, says Jean-Luc Nancy, and continues: We cannot have an experience of the body (as a distinct object or a whole) any more than we can have an experience of freedom (as a predetermined state of being) because our body is experience in itself and not an object, just as freedom is experience in itself, an immediate experience that takes place. The structure of the body and the structure of freedom are of the same kind, yet the meaning of this structure refers neither to the body nor to freedom as such. We cannot talk about a "free body" or the "incarnation of freedom". Yet between the two a world opens that has its possibilities inherent in the fact that "body" and "freedom" are neither completely homogeneous nor completely heterogeneous.⁴

The body cannot escape the paradox of thinking itself in relation to its flesh and fluids, its weight and burden, yet it does not think of itself as an image but as a possibility and as experience that takes place in the space and in the world, here and now. It is this experience that simultaneously eliminates all images of the body that are left behind as fossils in the earth's tectonics, remains in the layers of experience. That is how I view John Coplans' images of his body.

Ólafur Gíslason

¹ Quoted in Maurice Merleau-Ponty: *L'Œil et l'Esprit*, 1964.

² Roland Barthes: *Camera Lucida – Reflections on Photography*, English translation by Richard Howard, N.Y. 1995, pp. 12.

³ Quoted in <http://www.the-artists.org/ArtistView>

⁴ Jean-Luc Nancy: *Corpus*, Italian version edited by Antonella Moscati, Naples 2001, pp. 83-84.

Opnunartími í Hafnarhúsi og á
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.



Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are
open every day from 10 am-5 pm.
Ásmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Ásmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

Sunnudagur 29. janúar kl. 15

Howard Yezerski annast leiðsögn um sýningu
Coplans. Á ensku.

ICELANDAIR 

Morgunblaðið

Sunday January 29 at 3 pm.

Howard Yezerski leads a tour of the exhibition.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Hafnarhús, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201